



FUNDARGERÐ
29. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , miðvikudaginn 2. október 2024
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ísleifur Jónasson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Odda bs. 2024 - 2402043

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir rekstur byggðasamlagsins janúar-ágúst 2024. Niðurstaðan er í samræmi við áætlanir.

2. Fjárhagsáætlun Odda bs. 2025 - 2409017

Klara Viðarsdóttir, fjármálastjóri, fór yfir undirbúning fjárhagsáætlunar Odda bs. fyrir árið 2025. Lagður var fram samanburður á kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga vegna reksturs leikskóla og leikskólagjalda.

3. Skólastjórar Odda bs. Stöðuyfirlit. - 2401049

Á fundinn mæta Sigrún Björk Benediktsdóttir leikskólastjóri á Laugalandi og Ingigerður Stefánsdóttir leikskólastjóri Heklukots og fara yfir stöðu mála í sínum skólum.

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingarnar.

4. Þróun leikskólastarfs - 2403081

Lögð fram fundargerð starfshóps frá 11. september s.l. og skýrsla starfshóps um þróun leikskólastarfs þar sem lagar eru fram tíu tillögur til úrbóta við þróun og styrkingu leikskólastarfs.

Stjórn Odda samþykkir að halda vinnufund hjá Odda bs. vegna skýrslu um þróun leikskólastarfs mánudaginn 7. okt. kl. 14:00.

5. Leikskólinn Laugalandi - starfsmannamál - 2409063

Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "MHG" and "GJ".

6. Tímar í íþróttahúsinu á Hellu - 2409037

Lagt fram erindi frá UMF Heklu þar sem óskað er eftir því að tekið verði upp breytt skipulag við íþróttakennslu í Grunnskólanum á Hellu þannig að sundkennsla fari fram allan veturinn til að auðvelda nýtingu og skipulag íþóttahússins á Hellu.

Stjórn Odda hefur fullan skilning á erindi UMF Heklu og felur sveitarstjóra að ræða við skólalastjórmenndur Grunnskólans á Hellu um lausnir.

7. Málefni barna og ungmenna - 2409055

Rætt um málefni barna og ungmenna og þá umræðu sem hefur verið vegna atburða sem hafa komið upp í þjóðfélaginu.

Stjórn Odda leggur til að vísa málinu til frekari umræðu á haustfundi Odda bs.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15.

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Eggert Valur Guðmundsson

Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Ísleifur Jónasson